

Kæru foreldrar og nemendur í Síðuskóla

Árshátíð Síðuskóla verður haldin 31. mars og 1. apríl. Þessa daga er ekki kennt samkvæmt stundaskrá en dagskráin er sem hér segir.

Fimmtudagur 31. mars

Klukkan 12:30 – 15:30 verður sýning og ball fyrir nemendur í 1. - 5. bekk. Skemmtikraftar á þeirri sýningu verða nemendur í 5. SEB, 5. ÁEK, 7. KJK 1, 7. KJK 2, 8. bekk og 10. bekk. Eftir sýningu verður ball og opin sjoppa. Tómsunda- og leikherbergi verða opin. Til upplýsingar þá kostar gos 150 kr., safi 100 kr. og bland í poka 150 kr.

Klukkan 16:00 verður sýning fyrir foreldra. Skemmtikraftar á þeirri sýningu verða nemendur í 1., 2. og 3. bekk hópur A (umsjónarkennarar láta vita um skiptingu), 4. ASR, 5. SEB, 7. KJK 1, 8. bekkur og 10. bekkur. Aðgangseyrir á sýninguna er 500 krónur fyrir fullorðna.

Kaffihlaðborð verður eftir sýningu en það kostar 700 kr. fyrir fullorðna og börn í 8.-10. bekk. Fyrir börn í 1.-7. bekk kostar kaffihlaðborðið 300 kr. en frítt er fyrir 6 ára og yngri. Boðið er upp á barnagæslu í stofu 31 meðan á sýningu stendur. Gott væri að þeir sem þurfa nauðsynlega að yfirgefa salinn meðan sýning stendur yfir sitji aftarlega þannig að brottför þeirra valdi sem minnstu raski.

Föstudagur 1. apríl

Klukkan 15:00 verður önnur sýning fyrir foreldra. Skemmtikraftar á þeirri sýningu verða nemendur í 1., 2. og 3. bekk hópur B (umsjónarkennarar láta vita um skiptingu), 4. TS, 5. ÁEK, 7. KJK2, 8. bekk og 10. bekk. Aðgangseyrir á sýninguna er 500 krónur fyrir fullorðna.

Kaffihlaðborð verður eftir sýningu en það kostar 700 kr. fyrir fullorðna og börn í 8.-10. bekk. Fyrir börn í 1.-7. bekk kostar kaffihlaðborðið 300 kr. en frítt er fyrir 6 ára og yngri. Boðið er upp á barnagæslu í stofu 31 meðan á sýningu stendur. Gott væri að þeir sem þurfa nauðsynlega að yfirgefa salinn meðan sýning stendur yfir sitji aftarlega þannig að brottför þeirra valdi sem minnstu raski.

Klukkan 19:30 – 24:00 verður sýning og ball fyrir nemendur í 6. - 10. bekk. Skemmtikraftar á þeirri sýningu verða 7.KJK1 og 7KJK2, 8. bekkur og 10. bekkur. Ekkert kostar inn á sýninguna en inn á ballið kostar 500 kr. fyrir 6. - 7. bekk og 700 kr. fyrir 8. - 10. bekk. Ball, sjoppa, tómsundaherbergi og kaffihús eftir sýningu. Ballið stendur til 24:00 en nemendur í **6. og 7. bekk fara heim klukkan 22:30.**

Frístund er opin árshátíðardagana fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar. Foreldrar þurfa að láta vita ef þeir ætla að nota þessa þjónustu og er síminn í frístund 461-3473. Þeir nemendur sem eru ekki í annaráskrift þurfa að koma með nesti.

Nauðsynlegt er að allir nemendur mæti a.m.k. 15 mín. áður en sýning hefst.

Við hlökkum til að sjá ykkur í hátíðarskapi á árshátíðinni og vonum að þið skemmtið ykkur vel.

Árshátíð Síðuskóla 2011

Fimmtudagur 31. mars

Kl. 12:30-15:30	Kl. 16:00
1.– 5. bekkur -sýning og ball Sýnendur: 5SEB,7KJK2,7KJK1 5ÁEK, 8.bekkur, 10.bekkur	Foreldrasýning og kaffi Sýnendur: 4. ASR, hópur A1.-3.b. 7.KJK 1, 5. SEB,8. bekkur, 10. bekkur

Föstudagur 1. apríl

Kl. 15:00	Kl. 19:30- 24:00
Foreldrasýning og kaffi Sýnendur: 4. TS, 10. bekkur hópur B1.-3.b. 7.KJK 2, 5. ÁEK, 8. bekkur	6.-10. bekkur – sýning og ball. Sýnendur: 7.KJK 1, 7.KJK 2, 8. bekkur , 10. bekkur, annáll, nemendagrín, kennaragrín, ball. (6. og 7. bekkur fara heim kl. 22:30)



Sýningar og böll á sal skólans.

Kaffisala í stofum 22, 23, 25 og 26.

Barnagæsla er í stofu 31.